

## 3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

## 4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

## 5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins með stoð í 18. gr. laga nr. 117/1985 um geislavarnir, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1995.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1995.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslu barnabótaauka á árinu 1995.

## 1. gr.

Á árinu 1995 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1994 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

## 2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1994. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

## 3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilfesti hér á landi á tekjuárinu 1994 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

## 4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1995, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsroð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

## 5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

## 6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1995 til þeirra framfæranda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1994. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1994 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka á árinu 1994. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin gjöld skv. 1.-7. tölul. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

## 7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

## 8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

*Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1995.*

F. h. r.  
**Snorri Olsen.**

---

*Bragi Gunnarsson.*